



SAMKEPPNISEFTIRLITIÐ

Mánudagur, 25. Júní, 2007

Ákvörðun nr. 26/2007

Samruni Sparisjóðs Vestmannaeyja og Sparisjóðs Hornafjarðar

I.

Málavextir og málsmeðferð

Þann 7. febrúar 2007 birtist frétt í Markaðnum þar sem fram kom að Sparisjóður Hornafjarðar (SPhorn) og Sparisjóður Vestmanneyja (SPeyjar) hefðu runnið saman í einn. Miðaðist félagslegur samruni sparisjóðanna við 30. júní 2006. Þar sem engin samrunatilkynning hafði borist Samkeppniseftirlitinu sendi stofnunin sparisjóðunum bréf dags. 9. febrúar sl. til áréttingar tilkynningarskyldu samrunaaðila skv. 17. gr. samkeppnislaga.

Í bréfi sem barst frá Deloitte dags. 21. febrúar 2007 var afstöðu Samkeppniseftirlitsins andmælt á þeirri forsendu að samanlögð velta samrunaaðila væri undir þeim veltumörkum sem tilkynningarskylda 17. gr. samkeppnislaga miðar við. Í ákvæðinu er gert ráð fyrir því að samruni sé þá og því aðeins tilkynningarskyldur að samanlögð velta samrunaaðila fari yfir milljarð íslenskra króna.

Þann 5. mars sl. sendi Samkeppniseftirlitið aðilum enn bréf og óskaði eftir samrunaská enda gat stofnunin ekki fallist á það með samrunaaðilum að velta þeirra væri undir viðmiðunarmörkum 17. gr. samkeppnislaga.

Í lögskýringargögnum með 17. gr. samkeppnislaga kemur fram að með veltumörkum sé ætlað að takmarka fjölda þeirra samruna sem falla undir ákvæðið. Jafnframt er tekið fram að allir samrunar sem uppfylla skilyrðin séu tilkynningarskyldir. Ekki er fjallað nánar um þau tekjuviðmið sem nota skuli.

Um nánari skýringar ákvæðisins má hafa nokkra hliðsjón af reglum EB-réttar enda eiga veltumörk 17. gr. sér fyrirmynd í rétti EB-ríkja ásamt því sem hefðbundið er að líta til EB-réttar við túlkun á íslenskum samkeppnislögum. Í 3. mgr. 5. gr. samrunareglugerðar Evrópuráðsins nr. 139/2004 frá 20. janúar 2004 kemur fram að við mat á tekjum fjármálastofnana skuli miða við vaxtatekjur, tekjur af verðbréfum, þóknunatekjur, hreinan hagnað af fjármálastarfsemi og aðrar rekstrartekjur. Þá er í efnisgrein 25 í auglýsingu framkvæmdastjórnarinnar um útreikning veltu samkvæmt samrunareglugerð (C 66/28) að finna leiðbeiningar um hvaða reikninga skuli styðjast við. Kemur þar jafnframt fram að eðlilegt sé að miða við næsta fjárhagsár sem fyrir liggja endurskoðaðir reikningar.



Hvað varðar SPVest og SPHorn mun þar vera um að ræða árið 2005 en einnig má hafa stoð af árshlutareikningi fyrir fyrri hluta ársins 2006.

Telst Samkeppniseftirlitinu til að samanlögð velta samrunaaðila fyrir reikningsárið 2005 sé samkvæmt framangreindum reikningsaðferðum 1.103.356.292 krónur. Samkvæmt endurskoðuðum árshlutareikningum samrunaaðila fyrir fyrri hluta ársins 2006 er samanlögð velta þeirra 712.189.959 krónur. Sé gert ráð fyrir því að tekjur sparisjóðsins hafi verið svipaðar á síðari hluta ársins er ljóst að veltan hefur verið töluvert umfram einn milljarð á árinu 2006 líkt og árið 2005.

Með bréfi dagsettu 24. apríl ítrekaði Samkeppniseftirlitið enn að samrunaskrár væri þörf. Barst samrunaskrá Samkeppniseftirlitinu þann 2. maí. Fylgdu ekki öll þau gögn með samrunaskránni sem tilskilin eru í viðauka við reglur nr. 881/2005 um tilkynningu samruna. Var Sparisjóði Vestmanneyja þegar í stað tilkynnt símleiðis um að gögn vantaði en jafnframt sent bréf þar að lútandi 30. maí.

Þrátt fyrir að samrunaskrá aðila væri ófullnægjandi hóf Samkeppniseftirlitið rannsókn samrunans. Beindi stofnunin fyrirspurnum til helstu viðskiptabanka og annarra sem málið varðar. Að lokinni þeirri gagnaöflun og þar sem upplýsingar samkvæmt samrunaskrá höfðu borist bjó Samkeppniseftirlitið yfir fullnægjandi upplýsingum til þess að taka afstöðu til samruna aðila.



II Niðurstaða

1.

Samkvæmt upplýsingum í samrunaskrá aðila felst samruninn í yfirtöku SPeyjar á öllum eignum og skuldum, réttindum og skyldum SPhorn. Bæði félögin eru sparisjóðir í skilningi VIII. kafla laga um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002.

Fram kemur í samrunaskránni að markmið samrunans sé að styrkja sjóðina þannig að þeir verði betur í stakk búnir til þess að sinna viðskiptavinum sínum en einnig að stækka markaðssvæði SPeyjar. Samrunaaðilar segja samrunann ná til fjármálaþjónustu. Segjast samrunaaðilar starfa á undirmörkuðum fyrir viðskiptabankaþjónustu, fyrirtækjaþjónustu og fjárfestingabankaþjónustu.

2.

Við mat á samkeppnislegum áhrifum samruna ber að líta til þess hvort samruninn hindri virka samkeppni með því að markaðsráðandi staða verði til eða slík staða styrkist, sbr. 17. gr. samkeppnislaga. Í ákvæðinu segir einnig að taka beri tillit til þess að hvaða marki alþjóðleg samkeppni hafi áhrif og hvort markaðurinn sé opinn eða aðgangur að honum hindraður. Þessi atriði eru í samkeppnisrétti í raun innifalin í mati á því hvort markaðsráðandi staða myndist eða styrkist. Í 4. gr. samkeppnislaga kemur fram að markaðsráðandi staða sé fyrir hendi þegar fyrirtæki hefur þann efnahagslega styrkleika að geta hindrað virka samkeppni á þeim markaði sem máli skipti og það geti að verulegu leyti starfað án þess að taka tillit til keppinauta, viðskiptavina og neytenda. Athugun Samkeppniseftirlitsins hefur ekki leitt í ljós nein atriði sem benda til þess að umræddur samruni sé líklegur til að valda röskun á samkeppni hér á landi. Því er ekki ástæða til að hafast að vegna samruna SPeyjar og SPhorn á grundvelli 17. gr. samkeppnislaga.

Ákvörðunarorð:

„Með kaupum Sparisjóðs Vestmannaeyja á öllu stofnfé Sparisjóðs Hornafjarðar felst samruni í skilningi 4. og 17. gr. samkeppnislaga. Samkeppniseftirlitið telur ekki ástæðu til að aðhafast frekar vegna þessa samruna.“

Samkeppniseftirlitið

Páll Gunnar Pálsson